



# Stjórn Reykjaneshafnar

## Fundargerð

237. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 16. janúar 2020 kl. 17:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Kornráðsdóttir aðalmaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

**1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2020010192)**

Hafnarstjóri fór yfir ýmislegt er snýr að fjármálum hafnarinnar. *Lagt er til að hafnarstjóri kanni möguleika á endurfjármögnum á hluta af langtímaskuldum hafnarinnar til að létta á greiðslubyrði hafnarinnar í framtíðinni. Samþykkt samhljóða.*

**2. Framtíðarsýn Reykjaneshafnar til 2030. (2019110194)**

Stjórn Reykjaneshafnar samþykkti á 235. fundi sínum 21. nóvember s.l. að taka til endurskoðunar framtíðarsýn Reykjaneshafnar sem lögð var fram á 212. fundi stjórnarinnar 23. janúar 2018. Hafnarstjóri kynnti næstu skref í þeirri vinnu.

**3. Aalborg Portland Ísland ehf. (2020010194)**

Hafnarstjóri kynnti samkomulag milli Reykjaneshafnar og Aalborg Portland Ísland ehf. varðandi fyrirkomulag á greiðslu vörugjalda á innfluttu sementi árið 2020. *Lagt er til að að samkomulagið verði samþykkt og hafnarstjóra falið að undirrita það. Samþykkt samhljóða.*

**4. Ellert Skúlason ehf. (2020010193)**

Reykjaneshöfn hefur heimilað lögaðilum efnisvinnslu jarðefnis á hafnarsvæðinu í Helguvík gegn ákveðnum skilyrðum. Hafnarstjóri kynnti drög að samkomulagi við Ellert Skúlason ehf. varðandi slíka vinnslu. *Lagt er til að hafnarstjóri vinni viðkomandi drög áfram og leggi fyrir stjórn til samþykktar. Samþykkt samhljóða.*

**5. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2020010195)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

**6. Önnur mál. (2020010196)**

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40